

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um gjöld fyrir þjónustu Hugverkastofunnar í tengslum við réttindi sem veitt eru á grundvelli laga nr. 17/1991 um einkaleyfi (ell.), nr. 45/1997 um vörumerki (vml) og nr. 46/2001 um hönnun (hl.).

Gjöld greiðast Hugverkastofunni nema annað sé tekið fram. Gjöld samkvæmt reglugerð þessari verða ekki endurgreidd.

II. KAFLI

Einkaleyfi.

2. gr.

Einkaleyfisumsóknir.

Fyrir umsóknir um einkaleyfi skal greiða þegar við á:

kr.

- Gjald fyrir umsókn um einkaleyfi, yfirfærða alþjóðlega einkaleyfisumsókn eða beiðni um endurmat skv. 38. gr. ell.:
 - umsóknargjald 67.800
 - viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram tíu 4.400
- Gjald skv. 36. og 37. gr. ell. 58.000
- Viðbótargjald vegna viðbótarfrests til að leggja inn tilskilda þýðingu vegna yfirfærðrar umsóknar 18.300
- Umsýslugjald fyrir milligöngu við nýnæmisrannsókn hjá alþjóðlega viðurkenndri stofnun 7.900

Fyrir hlutun eða úrfellingu skal greiða umsóknargjald skv. 1. tl. 1. mgr. auk árgjalda skv. 3. gr. í samræmi við 2. mgr. 41. gr. ell.

3. gr.

Árgjöld.

Árgjöld fyrir einkaleyfisumsóknir og einkaleyfi eru sem hér segir:

Gjaldár	kr.	Gjaldár	kr.	Gjaldár	kr.
1.	11.600	8.	19.400	15.	40.500
2.	11.600	9.	21.800	16.	44.700
3.	11.600	10.	24.200	17.	50.200
4.	13.400	11.	26.600	18.	55.100
5.	14.600	12.	29.000	19.	60.400
6.	15.800	13.	32.000	20.	66.500
7.	17.600	14.	36.200		

Árgjald, sem greitt er innan sex mánaða frá gjalddaga skal hækka um 20%.

4. gr.

Útgáfa einkaleyfis.

Fyrir útgáfu einkaleyfis skal greiða þegar við á:

	kr.
1. Útgáfugjald fyrir fyrstu 40 blaðsíður einkaleyfisskjals (lýsing, einkaleyfiskröfur, teikningar og ágrip)	29.000
2. Viðbótargjald fyrir hverja síðu umfram 40	1.300
3. Viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu sem bætt er við eftir innlagn umsóknar	4.400
4. Gjald fyrir endurútgáfu einkaleyfis	29.000
5. Gjald fyrir leiðréttingu á kröfum einkaleyfis og endurútgáfu	29.000

5. gr.

Evrópsk einkaleyfi.

Fyrir evrópsk einkaleyfi, svo sem staðfestingu einkaleyfis, endurútgáfu eða fyrir útgáfu leiðréttrar þýðingar greiddast	kr. 32.700
---	------------

6. gr.

Viðbótarvottorð.

Vegna umsóknar um viðbótarvernd og útgáfu viðbótarvottorðs skal greiða eftir því sem við á:

	kr.
1. Umsóknargjald	67.800
2. Gjald fyrir framlengingu á viðbótarvottorði	50.200
3. Árgjald fyrir hvert byrjað gjaldár viðbótarvottorðs	66.500

Árgjald skv. 3. tl. 1. mgr., sem greitt er innan sex mánaða frá gjalddaga, hækkar um 20%.

7. gr.

Takmörkun á verndarsviði.

Gjald fyrir beiðni um takmörkun á verndarsviði einkaleyfis	kr. 29.000
--	------------

8. gr.

Andmæli.

Tilkynning um andmæli gegn einkaleyfi	kr. 43.600
---------------------------------------	------------

9. gr.

Samtalsleit einkaleyfa.

Þjónusta við forskoðun á nýnæmi og einkaleyfishæfi uppfinningar	kr. 29.200
---	------------

III. KAFLI

Vörumerki, félagamerki og ábyrgðar- og gæðamerki.

10. gr.

Umsókn eða endurnýjun merkis.

Fyrir umsókn um skráningu merkis eða endurnýjun þess skal greiða eftirtalin gjöld þegar við á:

	kr.
1. Umsóknar- eða endurnýjunargjald, einn vöru- eða þjónustuflokkur innifalinn	33.900
2. Viðbótargjald fyrir hvern vöru- og/eða þjónustuflokk umfram einn	7.300

Gjöld fyrir tilnefningu á Íslandi í umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis eða vegna endurnýjunar þeirra eru greidd til Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO).

11. gr.

Breyting á merki, reglum eða beiðni um hlutun.

Beiðni um breytingu samkvæmt 1. eða 2. mgr. 24. gr. vml.	kr.	7.300
Beiðni um hlutun umsóknar eða skráningar	kr.	21.800

12. gr.

Andmæli og afnám skráningar.

Tilkynning um andmæli eða krafa um að skráning merkis verði felld niður eða felld úr gildi	kr.	43.500
--	-----	--------

13. gr.

Samanburðarleit fyrir vörumerki.

Leit í vörumerkjaskrá að sambærilegu merki	kr.	6.200
--	-----	-------

Útheimti beiðni um leit skv. 1. mgr. verulega úrvinnslu gagna eða leit í skjalasafni reiknast að auki tímagjald samkvæmt 20. gr. eftir því sem við á.

IV. KAFLI

Hönnun.

14. gr.

Umsókn um skráningu eða endurnýjun hönnunar.

Fyrir umsókn um skráningu hönnunar skal greiða eftir því sem við á:

	kr.
1. Umsóknargjald fyrir hvert fimm ára tímabil	18.200
2. Umsóknargjald fyrir hverja hönnun umfram eina í samskráningu fyrir hvert fimm ára tímabil	7.900
3. Gjald fyrir hverja mynd umfram eina	4.400
4. Rannsóknargjald	11.600

Ef óskað er eftir því við innlagningu umsóknar að skráning hönnunar gildi í fleiri en eitt tímabil í senn skal greiða umsóknargjald fyrir hvert tímabil sem skráningunni er ætlað að ná yfir.

Fyrir endurnýjun á skráningu hönnunar skal greiða eftir því sem við á:

	kr.
1. Endurnýjunargjald fyrir hvert fimm ára tímabil	23.000
2. Endurnýjunargjald fyrir hverja hönnun umfram eina í samskráningu fyrir hvert fimm ára tímabil	7.900

15. gr.

Brottfall skráningar.

Gjald vegna kröfu um að skráning verði felld úr gildi	kr.	13.400
---	-----	--------

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Umsýsla alþjóðlegra umsókna.

Umsýslugjald fyrir móttöku og meðhöndlun alþjóðlegrar einkaleyfis-, vörumerkja- eða hönnunarumsóknar kr. 18.200

17. gr.

Endurupptaka og endurveiting réttinda.

Gjald fyrir beiðni um endurupptöku kr. 11.600

Gjald fyrir beiðni um endurveitingu réttinda til einkaleyfis eða hönnunar kr. 43.500

18. gr.

Innfærsla í málaskrá.

Gjald fyrir beiðni um innfærslu upplýsinga um aðilaskipti, nytjaleyfi eða veðsetningu kr. 7.300

Gjald fyrir beiðni um aðrar innfærslur í málaskrá, s.s. breyting á nafni eða heimilisfangi umsækjanda/eiganda, breyting á tegund merkis, tilgreiningu vöru og/eða þjónustu eða breytingar varðandi umboðsmann kr. 3.700

19. gr.

Afrit af gögnum í málaskrá.

Fyrir afrit af aðgengilegum gögnum úr málaskrá skal greiða eftir því sem við á:

- | | kr. |
|---|-------|
| 1. Rafrænt afrit af umsókn eða af veittu einkaleyfi, skráðu merki eða hönnun eða öðrum skjölum úr skjalavistunarkerfi | 1.300 |
| 2. Staðfest afrit af skjölum skv. 1. tl. eða útgáfa forgangsréttarskjals | 4.900 |
| 3. Útprintun eða ljósritun gagna, hver síða í stærðinni A4 | 300 |

Ef beiðni um afrit skv. 1. mgr. útheimtir verulega úrvinnslu gagna eða leit í skjalasafni reiknast að auki tímagjald samkvæmt 20. gr. eftir því sem við á.

20. gr.

Þjónustuverkefni.

Fyrir þjónustu, sem verður ekki heimfærð undir einingarverð reglugerðarinnar, svo sem umfangsmikla leit, athuganir, úrvinnslu eða tölvuútskriftir, greiðist tímagjald kr. 7.300

21. gr.

Áfrýjun.

Gjald vegna áfrýjunar á grundvelli laga um einkaleyfi, vörumerki, hönnun eða félagamerki kr. 85.000

Áfrýjunargjald greiðist ráðuneytinu við afhendingu bréfs um áfrýjun.

Sé mál afturkallað áður en áfrýjunarnefnd er fullskipuð, málinu vísað frá áfrýjunarnefnd eða það vinnst skal ráðuneytið endurgreiða 65.000 kr.

VI. KAFLI

Lokaákvæði.

22. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, 63. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, 36. gr. og 53. gr. laga nr. 46/2001 um hönnun og öðlast gildi 1. janúar 2021.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 60/2020.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 14. október 2020.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,
Sigrún Brynja Einarsdóttir.

Brynildur Pálmarsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.